

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Hækkun húsaleigubóta og sérstaks húsnæðisstuðnings

Dags: 20. febrúar 2023

Málsnúmer: 202207074/10.7

Sendandi: Sigurbjörg Fjölinsdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki breytingu á 2. mgr. 4. gr. reglna Mosfellsbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að samanlögð upphæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings hækki frá og með 1. janúar 2023 úr 95.000 kr. í 103.265 kr. til samræmis við hækkun ríkisins á almennum húsnæðisstuðningi eða um 13,8%.

Greinargerð:

Húsnæðisbætur eru veittar á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, annast Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) framkvæmd þeirra og eru þær því á forræði ríkisins. Sérstakur húsnæðisstuðningur er viðbótar fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur og er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og greiðist af sveitarfélaginu. Húsnæðisbætur og húsnæðisstuðningur eru ætlaðar til að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda.

Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning greiðir sveitarfélagið 900 kr. í húsnæðisstuðning fyrir hverjar 1.000 kr. sem leigjandi fær í almennar húsnæðisbætur. Þann 14. júlí 2022 samþykkti bæjarráð, á 1542. fundi sínum, að hækka hámarksupphæð samanlagðra húsnæðisbóta ríkis og Mosfellsbæjar úr 90.000 kr. í 95.000 kr. til að tryggja að þær mótvægisáðgerðir sem ríkið fór í þá um sumarið myndu skila sér til leigjenda. Nú hefur grunnupphæð almennra húsnæðisbóta verið hækkuð að nýju frá 1. janúar á þessu ári um 13,8% og því mikilvægt að sveitarfélagið hækki aftur hámarksupphæð sameiginlegra bóta til að sú hækkun skili sér til leigjenda. Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar um húsnæðisstuðning kemur endurskoðun á hámarksupphæð bóta til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæð húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Þar sem almennar húsnæðisbætur hækkuðu um síðustu áramót um 13,8% er lagt til að fara í sömu áðgerð og síðasta sumar þar sem hækkun ríkisins skilar sér að fullu til leigjenda án þess að viðbótarhækkun yrði á húsnæðisstuðningi frá Mosfellsbæ. Hámark sameiginlegra húsnæðisbóta myndi þá hækka úr 95.000 kr. í 103.265 kr. og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

Frá 1. janúar 2023 Hækkun samtölu í 103.265

Fjöldi í heimili	Hámark frá HMS	Hámark frá Mosfellsbæ	Samtals
1	40.633	36.570	77.203
2	53.741	48.367	102.108
3	62.916	40.349	103.265
4 eða fleiri	68.159	35.106	103.265

*Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjöl意思dóttir, framkvæmdastjóri
Una Dögg Evudóttir, húsnæðisfulltrúi*

Fylgiskjöl:

1. Reglur Mosfellsbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning